



GANGVERK

 VERKÍS





Sveinn Ingi Ólafsson
Framkvæmdastjóri
sio@verkis.is



GOTT AFMÆLISÁR

Nú er afmælisár Verkís brátt á enda liðið og er mér þakklæti efst í huga. Við viljum þakka hinum fjölmörgu aðilum sem hafa fagnað þessum tíma-mótum með okkur, hvort sem það var með þátttöku í viðburðum, með lestri fréttabréfs eða bara að hafa staldrað við og notið afmælislysingarinnar.

Við tókum okkur ýmislegt fyrir hendur á árinu og má þar heilst nefna glæsi-lega afmælisháttíð í Hörpu, hátiðartýsingu á öllum starfsstöðvum Verkís og trjám í nokkrum bæjarfélögum, fjölskylduskemmtun fyrir starfsmenn í Skemmtigarðinum í Grafarvogi og nú síðast vel sótta afmælisráðstefnu á Hilton Hótel Nordica.

Ýmislegt annað hefur á daga okkar drifit á árinu en áformad er að sameinast Almennu Verkfraðistofunni þegar heimild frá Samkeppnis-eftirlitinu liggur fyrir. Einnig erum við mjög stolt að hafa fengið gullmerki í Jafnlaunakönnun PwC en síðast en ekki sist höfum við fengið vottun á umhverfisstjórnunarkefni okkar samkvæmt ISO 14001 staðlinum. Í þessu blaði er horft um öxl og rætt um aðkomu forvera Verkís að fiskeldi á niunda áratugnum, fjallað er um hitaveituvaðinguna og þátt Verkís í henni en einnig settumst við Viðar Ólafsson, fyrverandi framkvæmdastjóri VST, niður með blaðamanni Gangverks og rífuðum upp gamla tíma ásamt því að horfa til framtíðar.

Í þessum fimm tölublöðum Gangverks í ár höfum við horft um öxl og skoðað ýmsa þætti í sögu fyrirtækisins og get ég með sanni sagt að við hjá Verkís erum mjög stolt af framlagi okkar til uppbryggings og fram-próunar íslensks samfélags. Við horfum björtum augum fram á veginn full tilhökun til áframhaldandi þátttöku í uppbryggingu íslensks samfélags og jafnframt til frekari söknar á erlenda markaði.

Sveinn Ingi Ólafsson,
framkvæmdastjóri

Fréttabréf Verkís hf.

5. tbl. 11. árgangur, desember 2012

Útgefandi: Verkís

Ábyrgðamaður: Ingibjörg Lilja
Diðriksdóttir

Greinarskrif: Stefán Pálsson og
Ingibjörg Lilja Diðriksdóttir

Hönnun: Fiton

Uppsetning og umbrot: Umslag ehf
Umhverfisvottað fyrirtæki

Prentun: Prentsmiðjan Oddi

Ljósmyndir: Rafn Sigurbjörnsson, Hjalti
Bogason, Kristján Maack, Nukissiorfið,
Ljósmyndasafn Reykjavíkur,
Skarphéðinn bráinsson og úr safni
Verkís.

Forsíðumynd: Rafn Sigurbjörnsson

Öllum er heimilt að nota efni úr
blaðinu, í heild sinni eða að hluta, að
því tilskildu að heimildar sé getið.

VERKÍS

Ármúla 4, 108 Reykjavík
Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík
Reykjavíkurvegi 68, 220 Hafnarfjörður
Stillholti 16, 300 Akranes
Bjarnarbraut 8, 310 Borgarnes
Hafnarstræti 1, 400 Ísafjörður
Austursíðu 2, 603 Akureyri
Kaupvangi 3b, 700 Egilsstaðir
Austurvegi 10, 800 Selfoss



KULDABOLA VÍSAÐ Á DYR

- FJARHITUN OG STÆKKUN HITAVEITUNNAR Í REYKJAVÍK

Á sjöunda áratugnum var grettistaki lyft í hitaveituvæðingu höfuðborgarsvæðisins.

Á sjöunda áratugnum var grettistaki lyft í hitaveituvæðingu höfuðborgarsvæðisins. Stækken hitaveitunnar kallaði á aukna orku-öflun með nýjum vatnstorkusvæðum, öflugri bor- og dælubúnaði en einnig styrkingu á innviðum kerfisins og uppsetningu kyndistöðvar fyrir varafl og álagstoppa. Verkfræðistofan Fjarhitun sf. var stofnuð árið 1962, einkum til að sinna verkefnum í tengslum við hitaveituna.

Upphof Hitaveitu Reykjavíkur miðast við það þegar farið var að dæla heitu vatni frá þvottalaugunum í Laugardal árið 1930. Laugaveitan var óðrum þraði reist í tilraunaskyni og aðilað að þjóna þremur opinberum nýbyggingum: Landspítala, Austurbæjarskóla og Sundhollinni auk þess sem fáein hús við Bergþrórugotu fengu að njóta heita vatnsins. Þessi líttla hitaveita þótti gefa góða raun. Rekstur hennar var hagkvæmur auk þess sem Reykvikum þótti mikil til vinnandi að þurfa ekki að treysta á kol eða olíu til kyndingar, minnugr heimsstyrjaldaráranna fyrrí þar sem eldsneytisskortur lék landsmenn

grátt. Þegar var farið að gera ráðstafanir til að tryggja höfuðstaðnum aðgengi að heitu vatni beindust sjónir manna fljótegla að Reykjum í Mosfellsseit. Heimskreppan 1929 varð til þess að hægja á hitaveitumálina auk þess sem bærjarstjórn Reykjavíkur setti raforkumálin í forgang. En eftir að Ljósafossvirkjun var tekin í notkun árið 1937 og rafmagnsskorturinn upprættur í bili var á ný farið að huga að lagningu hitaveitu frá Reykjum.

Heitt vatn frá Reykjum

Bann 1. desember 1943 var vatninu frá Reykjum hleypt á fyrsta húsið í Reykjavík. Það var Hnitbjörk, listasafn Einars Jónssonar á Skólavörðuholti. Næstu mánuðina breiddist veitukerfið út uns öll byggðin innan Hringbrautar hafði tengst hitaveitunni en langflestir Reykvíkingar bjuggu innan þeirra marka. Ekki tókst stjórnendum Hitaveitu Reykjavíkur þó að halda í við hinn hraða vöxt eftirstríðsáranna. Ný hverfi spruttu upp í Vesturbænum, Hlíðunum, Holtunum og á Laugarnessvæðinu en ibúað þeirra máttu gera sér olíukyndingu að

Undraefnið teflon

Jóhannes Zoëga var skipaður hitaveitustjóri árið 1962. Vel gekk að bora eftir heitu vatni en óvænt vandamál setti strik í reikninglinn þar sem borholudælur biluðu í sifellu. Orsókin var sú að hiti og óhreinindi í holunum skemmdu gumiilegur dæluóxlanна og þurfti því sifellt að taka dælurnar upp til viðgerða og hreinsunar. Í æviminningabók sinni, lýsti Jóhannes vandræðunum sem af þessu hlutust. Gárungar gáfu honum viðurnefnið „Kuldaboli“ vegna heitavatnsskortsins og tylgdi það honum um langt skeið. Lausnín á dæluvandamálinu reyndist óvænt. Árið 1965 las hitaveitustjórin grein í bandarísku tímariti um nýtt töfraefni sem Du Pont hafði þróað - teflon. Jóhannes Zoëga hafði samþand við fulltrúa Du Pont og dæluframleiðandans og gat sannfært þá um að útbúa teflonlegur fyrir búnaðinn en sílt hafði aldrei verið gert áður. Með nýju legnum gengu borholudælurnar eins og í sögu.

bótt stækkan hitaveitunnar nytí almenns stuðnings og væri á stefnuskrá allra flokka var Hitaveita Reykjavíkur fjárvælt. Jafnvel þótt bæjarstjórnin hefði tryggt nauðsynlegt fjármagn hefði Fjárhagsráð ríkisins þurft að gefa grænt ljós á fjárfestinguna. Frá árinu 1947 gegndi ráðið hlutverki eins konar yfirfjárlaganeftndar á Íslandi og gat synjað opinberum aðilum um framkvæmdaleyfi.

Fjármögnumin var ekki það eina sem stóð í vegi fyrir auknum umsvifum hitaveitunnar. Heita vatnið frá Reykjunum hafði ekki reynst eins mikið og vonir stóðu til og notkunin meiri. Boranir á öðrum stöðum í Mosfellsveit reyndust kostnaðarsamar og gerðu varla meira en að halda í horfinu og þjónusta gamla veitukerfið. Þegar komið var fram á árið 1961 var svo komið að ekki nema helmingur Reykvíkinga bjó á hitaveitusvæðum.

Sérfræðingar kallaðir til

Árið 1954 kom bæjarstjórn á laggirnar sérfræðinganeftnd með viðtækt umboð og starfssvið til úrlausna og úrbóta í málaflokknum. Næstu átta árin hittist hitaveitunefndin á nærrí 200 fundum þar sem teknar voru stórar jafnt sem smáar ákvárdanir um jarðvarmaleit og uppyngingu kerfisins. Fimm verkfræðingar skipuðu nefndina í fyrstu: Árni Snævarr, Valgeir Björnsson, Gunnar Böðvarsson, Olafur Pálsson og Sigurður S. Thoroddsen auk Helga Sigurðssonar hitaveitustjóra og Steingríms Jónssonar rafmagnsstjóra.

Nefndarmenn komust snemma að þeirri niðurstöðu að hætta að leita nýrra virkjunarvæða heldur freista þess að nýta betur þau sem fyrir væru. Beitti nefndin sér fyrir því að ríki og Reykjavíkurbær festu kaup á nýjum og fullkomnum jarðbor sem komst miklu dýpra og mátti nota hvort heldur sem væri til að bora eftir heitu vatni á lághitasvæðum og gufu á háhitasvæðum.

Verkfræðistofan
Fjarhitun, nú hluti
af Verkís, kom að
flestum verkefnum
Hitaveitunnar við
hitaveituvæðinguna.

góðu, þessi mismunum vakti óánaðgjú i nýrri hverfunum. Hitaveitukyndingin var talin bæði ódýrari og hreinlegri enda var ekki óalgengt að tekið væri fram í fasteignaauglýsingum ef eignir voru á hitaveitusvæði.

Toluverður pólitískur þrýstingur var á að stækka hitaveituna og var sú umræða áberandi í kringum allar bæjarstjórnarkosningar. Framþjóðendur sjálfstæðismanna höfðu löngum hamrað á því að flokkurinn hefði komið upp hitaveitunni og „baegt kolareyknum frá Reykjavík“. Það var því sérstaklega viðkvæmt þegar stjórnarandstöðulokkarnir voru farnir að saka meirihlutann um að draga lappirnar í málaflokknum.



Gufuborinn, sem svo var oftast nefndur, er sá einstaki bor sem mest hefur komið að hitaveituvæðingu Íslands. Bornum var fyrst beitt í Reykjavík á fyrra hluta árs 1958 og olli vatnaskilum. Borholurnar voru miklu dýri en áður hafði þekkt og hitinn og vatnsmagnið eftir því meira. Góður árangur borana á eldri vatnstökstöðum veitti bjartsýni sem leiddi til þess að bæjarstjórn samþykkti í árslok 1961 að hitaveita skyldi logð í all skipulogð hverfi vestan Elliðaáa innan fjórgurra ára. Hitaveitatakið skyldi fjármagnað með hluta af framkvæmdalíni ríkissjóðs frá Alþjóðabankanum. Lán þessi fengust ekki kvaðalaust enda setti bankinn margvisleg skilyrði, s.s. um að aðeins einn maður væri ábyrgur fyrir gjörðum Hitaveitunnar á framkvæmdatímanum. Það hafði róttækar afleiðingar þar sem sitjandi hitaveitustjóri var ósammála niðurstöðum hitaveitunefndar og taldi óráð að stækka veitusvæðið svo hratt. Afleiðingin varð sú að hann var láttinn vikja og verkfræðingurinn Jóhannes Zoëga tók við starfinu.

Alþjóðabankinn og verkfræðistofnar

Önnur krafa Alþjóðabankans var sú að verkfræðivinnu yrði sem mest komið yfir á sjálfsstærðar verkfræðistofur, einkum varðandi eftirlitsstörf. Fram að því hófðu opinberar framkvæmdir á Íslandi að langmestu leyti farið fram á vegum verkfræðideilda viðkomandi stofnunar.

Óháð krófum erlendu bankastofnunarinnar voru fyrirtæki Reykjavíkurbæjar illa í stakk búin til að hefja undirbúnning stórframkvæmda á árinu 1961. Það sumar skall nefnilega á verkfræðingaverfall. Verkfræðingar gerðu krófu um riflegar kjarabætur og þótt samtök atvinnurekunda fengjust ekki til að gera heildarsamning náðust á fáeinum vikum vinnustaðasamningar fyrir velfesta verkfræðinga á almennum markaði. Óðru málí gegndi um hið opinbera sem félst ekki á neina samninga. Afleiðing þessarar kjaradeiliu varð því sú að fjölmargir verkfræðingar stofnuðu sínar eigin verkfræðistofur en héldu í morgum tilvikum áfram að sinna svipuðum

verkefnum fyrir sína gömlu vinnuveitendur.

Árið 1962 stofnuðu því fjórir verkfræðingar frá Hitaveitu Reykjavíkur verkfræðistofuna Fjarhitun sf. sem síðar varð hluti af Verkis. Það voru þeir Pétur Guðmundsson, Karl Ómar Jónsson og nafnarnir Einar H. Árnason og Einar Arnórsson. Vann stofan í fyrstu nær einvörðungu við áætlanagerð, hönnun og framkvæmdaeftirlit vegna staekkunar hitaveitunnar en þróaðist með tímanum yfir í að vera alhliða ráðgjafarfyrirtæki. Komu Fjarhitunarmenn með einum eða öðrum hætti að velflestum verkefnum Hitaveitunnar næstu árin.

Aukin umsvif

Áætlunin frá 1961 um stækkun hitaveitunnar stóðst í meginatriðum og var að mestu lokið síðla árs 1966. Ný hverfi spruttu hins vegar upp á þessum árum, einkum í Fossvogi, Árbæ og Breiðholti. Tengingu þeirra lauk á árinu 1972 og voru þá 98% Reykvíkinga á hitaveitusvæðum. Jafnframt voru fyrstu skrefin stigin í átt til þess að Hitaveita Reykjavíkur færði út kvíarnar. Árið 1971 vann Fjarhitun að áætlun um sameiginlega hitaveitu fyrir höfuðborgarsvæðið og varð niðurstaðan sú að kyndingarkostnaður yrði riflega helmingi lægri en með gasolíu. Í kjölfarið var gengið til samninga um kaup á heitu vatni frá Reykvíkingum fyrir þau hitaveitukerfi sem lokið hafði verið við í Kópavogi og síðar tók Hitaveita Reykjavíkur alfaríð við hitaveiturekstri og virkjun jarðvarma í landi Kópavogs.

Hin hraða útþensla hitaveitukerfisins á sjóunda áratugnum var ekki án vandamála. Lítíð mátti út af bregða í kuldakostum til að vatnsskorts yrði vart, einkum í eldri hverfum sem lágu hátt og þar sem leiðslur voru þróngar. Sífelldar bilanir á dælum í nýju borholunum á Laugarnessvæðinu drógu sömuleiðis úr afköstum kerfisins. Það var því ekki fyrr en í árslok 1967, þegar tekist hafði að komast fyrir dælubilinirnar og ný kyndistöð Árbæ var tekin í notkun, að rekstraróryggi Hitaveitunnar komst í samt lag og Reykvíkingar þurftu ekki lengur að óttast heitavatnsskort i kuldatið.

Verkís hefur hannað fjölmargar dælustöðvar á höfuðborgarsvæðinu



GRANNINN Í VESTRI - GERÐ VATNSAFLSVIRKJANA Á GRÆNLANDI

Grænland er stærsta eyja heims en flatarmál hennar er um 2,1 milljón ferkilómetra. Á þessu gríðarlega landflæmi búa innan við 60 þúsund manns, þar af um fjórðungur í höfuðstaðnum Nuuk. Grænland er því strjálbýlasta land jarðar.

Fámannið og langar vegalengdir á milli þéttbýlkjarna hafa sett mark sitt á tæknipróun á Grænlandi. Landið er rikt af auðlindum, en til skamms tíma var nýting þeirra afar takmörkuð. Um 1990 byggðist óll orkuframleiðsla landsmanna á innfluttu jarðefnaeldsneyti, einkum disilrafstoðvum sem voru dýrar í rekstri. Raforkuverð er hátt á Grænlandi og orkuþórfin mikil enda hús almennt hituð með rafmagni. Þá gerir kuldinn það að verkum að hita þarf hvers kyns lagnir í jörðu, s.s. vatns- og klóaklagrnir til að ekki frjósi í þeim á vetrum. Því er ekki að undra þótt heimamenn hafi snemma fengið augastað á virkjun vatnsfalla.

Flókin verkefni

Fyrsta vatnsaflsvirkjunin og jafnframt sú stærsta reis í grendi við Nuuk og var tekin í notkun árið 1993. Buksefjord-virkjunin státaði

afl tveimur 15 MW túrbínum. Árið 2008 var afl stöðvarinnar svo aukið í 45 MW en orkan er flutt um nærra sextíu kilómetra leið eftir háspennulínum, meðal annars yfir Amerálík-fjörð. Þar eru móstur beggja vegna við fjöldinn og er vegalengdin á milli þeirra 5,4 kilómetrar en það mun það vera lengsta vegalengd milli samtengdra háspennulinumastra í heimi. Gefur það góða mynd af því hversu flókin verkfræðileg úrlausnarefni geta verið vegna aðstæðna á Grænlandi.

Á síðstu misserum hefur verið unnið að þremur stórum virkjanaverkefnum á Grænlandi. Allar þessar virkjanir reisti verktafrafyrirtæki ÍSTAK og í öllum tilvikum var Verkís fengið til að sjá um hönnunina. Fyrst ber að nefna Qorlortorsuaq-virkjunina sem reist var á árunum 2003 til 2007. Afl stöðvarinnar er 7,2 MW og þjónar hún tveimur bæjum syðst á Grænlandi.

byrlur og vélsleðar

Tvær yngstu vatnsaflsvirkjanir Grænlendinga eru svo stöðvarnar Sisimiut og Ilulissat sem



Verkís hefur unnið að þremur vatnsaflsvirkjunum á Grænlandi.

báðar eru kenndar við bæina sem þær þjóna. Sú fyrrmefnda er 15 MW og var tekin í notkun árið 2010 en sú síðarnefnda verður 22,5 MW og eru framkvæmdir í fullum gangi. Prófanir á vélum standa yfir þegar þetta er ritað og var byrjað að afþenna orku frá einni vél að þremur þann 30. október sl. Áformað er að virkjunin verði komin í fullan rekstur í september 2013.

Ægir Jóhannsson og Guðbjörn Gústafsson hjá Verkís hafa unnið að Grænlandsverkefninu: „Vinnuaðstæðurnar þarna norður frá eru vitaskuld allt aðrar en við eigm að venjast,“ segir Ægir. „Línulögningin fór til að mynda að mestu fram með hjálp þyrlu því ekki var um neina vegalögn að ræða með framlinustæðinu.“

Öll vinnuskipulagning verður að taka mið af samgöngum og þá ekki hvað síst þeir staðreynd að siglingaleiðir lokast yfir veturninn vegna iss. Tækjabúnaður, efni og vistir verða því að koma á staðinn að hausti þótt vinna hefjist ekki fyrr en að vori.

Ægir útskrifaðist úr byggingarverkfraði frá Háskóla Íslands árið 1994 og hélt eftir það til brándeimis þar sem hann nam og lagði stund á bergtækni. „Ég kom aftur heim árið 2001 og ákvað að ráða mig að þá verkfraðistofu sem fengi það verkefni að hanna Kárahnjúkavirkjun. Það reyndist vera VST og næstu árin vann ég alfaríð við það verkefni. Eftir 2006 hafa verkin á Grænlandi hins vegar tekið allan minn tíma.“ Ægir er verkefnastjóri hönnunar vegna Sisimut og Ilulissat en ÍSTAK hlaut það verkin í alútboði. Mestöll hönnunarvinnan hefur verið

unnin hér heima en fjöldi starfsmanna Verkís hefur þó verið á fleygiferð á milli Íslands og Grænlands, ekki hvað síst í tengslum við gangsetningar og prófanir á vélbúnaði. Guðbjörn Gústafsson er í þeim hópi. „Ég útskrifaðist sem verkfraðingur frá DTU árið 2004, bá var ég ráðinn til Raftelikningar og fór beint í vinnu við Kárahnjúkavirkjun, einkum í stöðvarhusi og spennistöð,“ segir Guðbjörn. Aðkomu hans að Grænlandsverkefninu bar brátt að en hann þurfti að hlaupa í skarðið vegna Sisimut-virkjunarnar á árinu 2007 fyrir annan starfsmann sem varð fyrir óhappi.

Virkjað í sifrara

Guðbirnir og Ægi ber saman um að aðstaðað á virkjanastöðunum sér afar erfiðar, einkum í Ilulissat sem liggur norðar. Í báðum tilvikum háttar svo til að ekki þurfti að reisa mikil stíflumannvirki heldur voru náttúruleg stöðuvötn fyrir hendi sem nýtast sem lón. Sjálfar stöðvarnar eru neðanjarðar en aðrennslisgöngin sprengd inn undir vötnin og svo sprengt frá þeim upp í fullt lónið.

„Þetta kallaði á mikla yfirlegu og útreikninga á hönnunarstigi,“ útskýrir Ægir. „Stóri hausverkurinn, einkum varðandi Ilulissat-stöðina, tengdist því að hún er í sifrera. Menn höfðu því áhyggjur af því hvort vatnið í vatnsveginum gæti frosið ef slökkt væri á stöðinni. Eftir að hafa reiknað þetta fram og til baka varð niðurstaðan sú að hafa sírennsli fram hjá vélunum til að astfýra þeiri hættu.“ Stöðvarnar eru báðar allnokkurn spöl frá byggðarlögunum sem þær eiga að þjóna

Línulögn fór fram
með hjálp þyrlu
þar sem engir vegir
voru á svæðinu.



Stórhuga áform

begar Ilulissat-virkjunin kemst í notkun verður heildarafla grænlenskra vatnsaflsvirkjana taeplega 90 MW, það er rúmlega helmingur raforkunotkunar landsmanna. Um 60% þjóðarinnar hafa þá aðgang að endumýtanlegrí orku. Búast má við að þetta hlutfall hækki enn á næstu árum en áform eru um gerð smávirkjana fyrir nokkra bæti til viðbótar. Öllu stærri eru þó áform stórfyrirtækisins Alcoa sem undirritað hefur viljayfirlýsingum með grænlensku heimastjórninni um byggingu ávers og gerð stórvirkjana sem væru þá í eigu Alcoa. Miðast þær áætlanir við allt að 340 þúsund tonna áver sem spuma myndi 600 bein störf eða sem nemur 1% þjóðarinnar. Alþjólega efnahagskreppan hefur þó seinkað pessum áformum.

(Sisimiut er næstfjölmennasti bær Grænlands með nærri 5.500 ibúa en Ilulissat sá þróji fjölmennasti með þúsund ibúum færra). Bær eiga að ganga mannlausar þar sem öll vöktun og stjórnun fer fram í viðkomandi bæ með fullkomnu SCADA-fjarvöktunarkerfi og miðar hönnunin við að tekið geti heila viku að komast þangað til viðgerða með þyrlu eða á sjó enda ekki um bilveg að ræða.

EKKI var hægt að horfa til neinna fyrirmynna þegar kom að áhættugreiningu fyrir stöðvarnar. Vatnsaflsvirkjanir eru fáar á heimskautslóðum en kuldinn á svæðinu getur farið allt niður í fjaruti stiga frost í mestu vetrarhórkum. Nýverið hafa þó borist fréttir af því að Rússar séu farnir að horfa til slikra virkjana í Siberíu og hafi stöðvarnar á Grænlandi verið hafðar þar til hliðsjónar að einhverju leyti.

Einstök náttúruperla

Auk óbíðra náttúrublaða þurfti hönnun virkjunarinnar að taka til til til viðkvæms umhverfis, einkum í tengslum við háspennulínuna til Ilulissat. Ferðamannaiðnaðurinn blómstrar í heraðinu sem státar af „Ísfirðinum“ svokallaða

sem er á heimsminjaskrá UNESCO. Skriðjökull gengur út í fjörðinn og brotna í sífelli úr honum jakar sem gengur erfiðlega að komast til hafs þar sem fjarðarmynnir er grynnra en botninn. Er því mikil sjónarspil þegar isbjörgin kollsteypast yfir gryningarnar og á haf út.

Til að spilla ekki náttúrusýninni er háspennulinan grafin í jörðu á þriggja kilómetra kafla auk þess sem hún var lögð að fjallabaki þar sem hún blasti ekki við ferðamónnum í stað þess að fara stystu og einföldustu leið með fram ströndinni.

Guðbjörn og Ægir láta vel af samstarfinu við heimamenn sem taki í vaxandi mæli þátt í rafvæðingu eigin samfélags. Í fyrstu virkjununum hafi Grænlendingar holdið sig til hlés og lítið komið nálægt tæknihliðinni fyrir en mannvirkin voru fullbuin. Núna reyni þeir hins vegar að fylgjast sífelli betur með uppsetningunni til að afla sér þekkingar á búnaðinum og geta betur staðið á eigin fótum. Þótt Grænlendingar eigi marga góða tæknimenn viðurkenna Guðbjörn og Ægir að margt í samfélagsgerðinni hafi komið þeim spánskt fyrir sjónir. „Vinnumóraðlinn er oðruvísi en við eignum að venjast,“ segir Guðbjörn. „Begar Grænlendingar fara á veðar er t.d. allt annað lagt til hliðar. Það var minnisstætt þegar við þurftum að ná tali af einum stöðvarstjóranum og fengum þau svör að hann væri farinn á hreindýr. Við spurðum hvenær von væri á honum aftur – hvort það væri eftir two daga eða tiu – en fengum engin svör.“

Hugsunarháttur veiðimannasamfélagsins er sterkur á Grænlandi og mótar afstöðu margra til launavinnu. „Á sama hátt og veiðimaður sem hefur skotið sel fer ekki út að skjóta þann næsta fyrir en hann vantar meira kjot þá sjá margir ekki tilganginn í að slíta sér út í vinnu fyrir en þá vantar meiri peninga – sem er svo sem ágætt sjónarmið. Grænlendingar eru líka mikilj fjölskyldufólk og meinilla við að vera lengi frá konu og börnum nema náttúrlega þegar farið er á hreindýr.“

NÝIR TÍMAR Í ILULISSAT

Briðjudaginn 30. október var stórvagur í Ilulissat á Grænlandi en þá hófst raforkuframleiðsla í samnefndri virkjun sem Verkís hefur unnið að undanfarin misseri. Virkjunin er staðsett við Diskóflóa á Grænlandi og verður uppsett að hennar 22,5 MW. Hún mun veita bænum Ilulissat, sem er í 50 kilómetra fjarlægð með 4.500 ibúa (2010), rafmagn og leysa af hólmri díselrafstöðvar og þar með gera bænni óháðan innflutti eldsneyti. Framkvæmdin gekk mjög vel og eru starfsmenn Nukissiorfiit, eiganda virkjunarinnar, ánægðir og spenntir

fyrir þessum breytingum sem framundan eru hjá bæjarbúum en þar hefur nú verið slökkt að díselstöðvum til raforkuframleiðslu og græn orka knúin af vatnsafl tekni við.

ÍSTAK er aðalverktaki virkjunarinnar en Verkís hefur séð um nær alla verkfræðihónnun, gerð útboðsgagna, samhæfingu og gangsetningu. Verkís óskar öllum þeim sem koma að verkefni til hamingju með þennan áfanga en áætlað er að öll virkjunin verði komin í gagnið á næsta ári.



Guðbjörn Gústafsson á vettvangi á Grænlandi.



Braeðurnir Viðar og Sveinn eiga samanlagt að baki meira en sjótiú ára starfsferil hjá VST og Verkís. Viðar réðst til starfa árið 1971 og áratug síðar slóst Sveinn í hópinn.

NÝJAR STOÐIR REISTAR - VIÐAR OG SVEINN ÓLAFSSYNIR TEKNIR TALI

Braeðurnir Viðar og Sveinn Ingi Ólafssynir eiga samanlagt að baki meira en sjótiú ára starfsferil hjá VST og Verkís. Viðar réðst til starfa árið 1971 og áratug síðar slóst Sveinn í hópinn.

Samanlöggð saga Verkfraðistofu Sigurðar Thoroddsen og Verkís er áttatu ár, en Sigurður hóf sjálfstæðan rekstur árið 1932 í miðri kreppunni, sem viðbrögð við verkefnaskorti. Fá íslensk fyrirtæki geta státat af svo langri samfellið sögu en athygli veku að á 76 ára tímabili VST voru aðeins þrír framkvæmdastjórar. Viðar var síðastur þeirra og starfaði sem slikur í 16 ár. Þegar Verkís varð til við samruna fimm verkfræðistofa tók bróðir hans Sveinn við sem framkvæmdastjóri.

Viðar, sem er átta árum eldri, hóf störf hjá VST árið 1971. „það má segja að tengsl míni við fyrirtækið hafi í fyrstu verið í gegnum Pálma Ragnar Pálsmason“, segir Viðar. „Hann er fjólskylduvinur og hafði lært verkfræði í Noregi og benti mér á að það væri góður kostur. Meðan á náminu stóð, fíkk ég bréf frá Sigurði Thoroddsen þar sem hann bauð mér vinnu.“ „VST var á þessum árum stærsta sjálfstæða

verkfræðistofan hér á landi, sem skýrðist að sumu leyti af rekstrarforminu“, útskýra Sveinn og Viðar. „Fyrstu þriðja áratugina rak Sigurður stofuna sem einkafyrirtæki. Afleiðingin varð sú að þegar starfsmenn hófðu starfað hjá fyrirtækinu í nokkur ár og safnað séa nægilegri reynslu, leituðu þeir á önnur mið eða hófu sjálfstæðan rekstur.“

Breytt skipulag

Árið 1962 var byrjað að breyta þessu, þegar nokkrir starfsmenn urðu meðeigendur þótt stofnandinn ætti eftir sem áður um helnings hlut. Það var svo árið 1975 sem skrefið var stigið til fulls. Sigurður var þá reiðubúinn til að selja mestallan sinn hlut og var þá stofnað hlutafélag með tuttugu starfsmenn sem meðeigendur. Þorkell Erlingsson sem var stjórnarformaður á þessum árum, beitti sér fyrir því að meðeigendur ættu allir jafnstóran hlut. Sveinn og Viðar benda á að þetta félagsform, sem minnir helst á erlendar lögmannsstofur, hafi þótt óvenjulegt á sínum tíma en reynst vel. Aðrar verkfræðistofur hafi svo tekið það upp í mismiklu mæli þó.



Starfsmönnum VST fjöldaði ört í byrjun áttunda áratugarins. Það tengdist þó ekki breyttu eignarhaldi, heldur var mikill uppbygging á Íslandi, ekki hvað síst á landsbyggðinni. „Skuttagaravaðingin var í fullum gangi og mikil af lausum peningum í þjóðfélaginu. Á þessum árum var líka fjárfest í mikilvægum innviðum samfélagsins og Íslandi í raun kippt inn í nútímann: fbúðarhúsnaði, skrifstofur, skólar, loðnuprær, valnsveitur, skólpkerfi-svona mætti lengi telja“, segir Viðar.

Ýmsar þjónustugreinar landbúnaðarins voru sömuleiðis í örum vexti og gegndu lands-hlutatíðunum mikilvægu hlutverki við oflun verkefna. Sílik útbú voru starfrækt á Akureyri, Ísafirði og í Borgarnesi. „Sveitarfélög vitt og breitt um landið voru einnig mikilvægir viðskiptavinir“, bætir Sveinn við. „því var hins vegar ekki til að dreifa í Reykjavík. Í hofuð-staðnum sá hið opinbera sjálf um sína vinnum og þau verk sem falin voru einkaaðilum buðust ekki VST. Stofan hafði nefnilega á sér vinstri stimpil því Sigurður var svo mikill sósíalisti og það orðspor breyttist ekki þótt hann væri að draga sig úr rekstrinum.“

Íslenska virkjanalíkanið

Á síðustu áratugum hefur talsvert dregið úr fjárfestingum á landsbyggðinni miðað við það sem gerðist á áttunda áratugnum. Sílikar sveiflur í framkvæmdum og nýbyggingum hafa ekki síður einkennt orkugeirann. „Saga VST og síðar Verkís er nátengd sögu og þróun orkuindnaðarins á Íslandi og í raun er það magnað að sjá hvernig þessi atvinnuvegir: stórvirkjanir og stóriðja, hafa orðið til á rétt um hálfri öld“, segir Sveinn.

Sumarið 1960 var haldin norræn ráðstefna iðn-reknda á Íslandi, þar sem farið var að ræða af alvöru um stóriðjumöguleika hér á landi. Í kjölfarið var stofnsett stóriðjuneftnd, sem starfaði

með norskum sérfræðingum og Alþjóða-bankanum.

Sveinn bendir á að þegar í upphafi hafi menn sett sér það markmið að stóriðjan yrði undirstöðuatvinnuvegur á sama hátt og sjávar-útvegurinn. „Menn sáu hversu háskalegt það væri að leggja allt undir á eina atvinnugrein og hversu viðkvæmt efnahagsliði var fyrir minnstu sveiflum. Síldarhrunið á sjóunda áratugnum leiddi það svo en betur í ljós.“ Stóriðju- og virkjanalíkanið sem Íslendingar fylgdu næstu áratugina varð til í tengslum við Búrfellsvirkjun og áver Alusuisse í Straumsvík. Það gengur út á að ráðist er í virkjanaframkvæmdir í tengslum við orkusölusamning við stóriðju sem kaupir bróðurpart orkunnar. Afgangurinn bætist svo við almenna raforku-kerfið sem nýtur góðs af stærðarhagkvæmni og fær raforkuna á lægra verði en ella.

Nákvæm áætlanagerð

Á áttunda og niunda áratugnum voru uppi ýmis áform um uppbyggingu stóriðjunnar á Íslandi, þótt minna hafi orðið úr framkvæmdum, ef frá er talin Járblendiverksmiðjan á Grundartanga. Einhverjar stærstu framkvæmdirnar í orkumánum á þessum árum voru á Norðurlandi, þar sem Krófluvirkjun bar häst.

„Fyrsta stóra verkefnið mitt hjá VST var við Krófluvirkjun, sumarið 1981“, segir Sveinn. „Krafla var mikil ævintýri og ruddi brautina fyrir aðrar jarðgufuvirkjanir sem síðar fylgdu. Menn mega ekki gleyma því hversu skammt þessi tækni var komin, ekki bara hér heima heldur á heimsvisu. Það voru bara örfa lond að nýta þennan orkugjafa á þessum árum.“

Krófluvirkjun varð mikil politískt bitbein, ekki hvað síst vegna kostnaðar. Þá urðu elds-umbrot til þess að binda enda á framkvæmdir á svæðinu um langt skeið. Þá tók við vinna við virkjun Blöndu. „Orkuspári sem Landsvirkjun

Kárahnjúkavirkjun var eitt fyrsta verkefnið sem Sveinn og Viðar unnu saman að.

vann eftir, gerðu ráð fyrir stöðugt aukinni orkuþörf og að nota þyrti orkuna frá Blönduvirkjun innan skamms tíma", segir Sveinn. „Bær forsendur breyttust hins vegar á ótrúlega skómmum tíma. Vegna oliukreppunnar fóru framleiðendur að framleiða sparneytnari heimilistæki, svo orkunotkun heimila stóð í stað eða minnkaði. Þá brugðust vonir um að fá hingað til lands ný stóriðjufyrirtæki, meðal annars vegna óhagstæðs efnahagsumhverfis með óðaverðbólgu.“

bótt niundi áratugurinn hefði ekki einkennst af stórframkvæmdum á raforkusviðinu, ber Viðari og Sveini saman um að þeim árum hafi mikilvæg undirbúningsvinnu farið fram. „Á þessum tíma var talsvert unnið að frumhönnun á virkjunum sem síðar áttu eftir að risa, mynsturáætlanir fyrir bjórsárvæði voru unnar og fleira mætti nefna.“

Í þessum efnum skipti miklu máli að menn fóru að temja sér oguð vinnumbrögð í áætlanagerð og tileinka sér stöðlun. Loftur borsteinsson, sem var framkvæmdastjóri VST og leiddi virkjanamálín, átti þar stærstan þátt. Undir hans stjórn var unnið nákvæmt kostnaðarmat á öllu milli himins og jarðar, sem aftur skilaði sér þegar hjólin fóru aftur að snuast og nýjar virkjanir litu dagsins ljós.

Fyrsta samstarfsverkefnið

Um miðjan tiunda áratuginn var blásið til nýrrar söknar í stóriðju- og virkjanamálum með Sultartangavirkjun, Vatnsfelli og síðar Kárahnjúkum. Braðurnir segja að Kárahnjúkaverkefnið sé í raun eitt það fyrsta sem þeir unnu saman að. Sveinn sinnti þar vélahlutnum, meðan Viðar sá um að leiða samstarf þeirra verkfraðistofa sem sáu um verkið, en það voru VST, Rafteikning og Almenna verkfraðistofan auk tveggja erlendra samstarfsaðila. Síðustu árin hefur Viðar einmitt einbeitt sér að ýmsum verkefnum í tengslum við samruna og samstarf Verkís og leitað leiða til að bæta og víkka starfsvið fyrirtækisins.

Sveinn segist afar stoltur af því hvernig til hafi tekist á Kárahnjúkum. „Bað er ekki sjálfgefið að svo lítil þjóð geti sjálf sinnt verkfraðilegum

viðfangsefnum af þessari stærðargráðu og þykir býsna merkilegt erlendis.“

Útlendu verkfræðifyrtækin tvö, Electrowatt og Harza sáu um naðri fjórðung verksins og lærdú Íslendingarnir mikið af þeim. „Með þessu verki urðum við okkur út um mikla reynslu, sem hefur gagnast við að afla verkefna í öðrum löndum. Verkfraði gengur jú út á að safna sifelti í reynslubankann og þar búum við að langri sögu. VST og síðar Verkís hafa komið að öllum stórvirkjunum á landinu, ef Sigalda er undanskilin og sumar þeirra hafa að öllu leyti verið hannaðar af fyrirtækinu.“

Burfum sterkan grunnatvinnuveg

begar rætt er um framtíðina, telja þeir Sveinn og Viðar að mikil tækifæri felist í frekari orkunýtingu og að hugmyndir um orkusölu um sæstreng sáu athygli verðar. „Íslenska orkuverfið hentar að mórgu leyti vel til orkuútflutnings. Stærð þess tekur mið af því að geta brugðist við vatnsminnstu árum, líkt og koma að jafnaði ekki nema tvívar á tuttugu ára tímatíði. Öll hin árin er vannýtt umframorka í kerfinu.“

Hugmyndir um orkuútflutning um sæstreng eru ekki nýjar af nálinni og fyrir allmörögum árum vann VST að athugun á vegum Reykjavíkurborgar og Hollenskra aðila á arðbærni silkrar framkvæmdar. „Margar af niðurstöðum þeirra rannsóknna komu síðan að góðu gagni í Kárahnjúkaverkefnið“, segir Sveinn.

Hvað svo sem bollaleggingum um orkuútflutning liður, telja Viðar og Sveinn brýnt að leitað verði leiða til að nýta orkuauðlindir Íslands enn frekar og hafa áhyggjur af þeirri aðgerðaleysisstefnu sem fram komi í Rammaáætlun og stefnu ríkisstjórnarinnar. Viðar bendir á að heilbrigtr efnahagslíf hljóti alltaf að byggjast á mörkum og ólikum greinum. „Núna finnst manni umræðan vera of mikið á þeim nótum að annað hvort geri menn þetta eða hitt. Eins og að við eignum að snúa bakinu við frumframleiðslu til að snúa okkur að skapandi greinum. Bað á ekki að tefta þessu fram sem andstæðum, heldur hljótum við að purfa sterka grunnatvinnuvegi til að annað geti þrifist.“

Í landinu helga

Íslenskar verkfraðistofur hafa reynt fyrir sér viða um lönd. Einna erfiðastar voru aðstæðurnar á sjálfstjórmarsvæði Palestínumannna á Gaza-ströndinni. VST, VSÓ og Fjarhitun stofnuðu þar stofu í samstarfi við heimamenn snemma árs 1994. „Óslóarsamkomulagið um palestínsku heimastjórnina var gert 1993 og í kjölfarið var mikill hugur í alþjóðasamfélögum að byggja upp innviði fyrir lífvaenlegt ríki Palestínumannna“, segir Viðar. „Bandaríkjamenn og Evrópuþjóðir lofuðu háum fjárhæðum til uppbyggingar og mikil bjartsýni var rikjandi.“

Ístak vann um þær mundir að verkefnum í Israel og þar kvíknaði sú hugmynd að Íslendingar gætu lagt sitt af mörkum með teknipekkingu sinni. „Stofan starfaði í um tvö ár, en þegar til kastanna kom stöðust væntingarnar ekki. Heimastjórnin var ekki í stakk búin til að semja við fjárfesta og vænleg verkefni koðnuðu niður, auk þess sem loforðin um erlendan stuðning gengu ekki ólli eftir. Síðar braust ófriður út að myju og samstarfsaðili okkar purfti að flyja land.“ „Bað var synd að ekki tökst betur til á Gaza, með uppbyggingu hefði mögulega mátt stuðla að friði í þessu stríðshjáða landi“, segir Viðar.




TILNEFND TIL VERÐLAUNA

þrjú verkefni sem Verkís kom að hafa verið tilnefnd fyrir Íslands hönd til Mies van der Rohe verðlaunanna fyrir byggingarlist. Verkefnin sem Verkís kom að eru Kaffihús í Lystigarðinum á Akureyri, Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús og Nýja bió í Reykjavík en að auki var Stöðin í Borgarnesi tilnefnd. Arkitektafélag Íslands tilnefnið byggingarlistaverk til Evrópusambandsverðlauna í samtíma byggingarlist 2013. Verkís sá um alla verkfræðihönnun fyrir kaffihúsið í Lystigarðinum og átti útibúið á Akureyri þar stóran hlut. Í umsögn valnefndar á vef Arkitektafélags Íslands segir m.a.: „Litla kaffihúsið í Lystigarðinum fangar stemningu staðarins fullkomlega. Það er eins og húsið hafi alltaf verið hluti garðsins. Það kallast í hógværð á við trén í garðinum og gómu húsin í næsta nágrenni sem ásamt kaffihúsinu mynda samræmda heild lítila húsa, ný og gómul form í sama dökka litatóni fara vel sem mannleg umgjörð í litskrúði garðsins.“

Verkís kom einnig að mörgum þáttum við hönnun Hörpu og má þar nefna gerð samningsgagna, lýsingarhönnun, hljóðráðgjöf, eftirlit, forgogn og ýmis konar sérfræðivinnu fyrir Portus. Einig var Verkís aðalráðgjafi við undirbúnung og húsráðgjafi Austurhafnar til loka framkvæmda. Í umsögn valnefndar segir: „Heildaráhrif og upplifun hússins er margræð symfónia ljóss og lita; léttar forma og þungra, formfestu og óreglu, eins og nútíma klassískt symfónísk tónverk sem er meginstef og tilgangur byggingarinnar.“

Verkís var með nær alla verkfræðivinnu við nýbyggingarnar á horni Austurstrætis og Lækjargötu og er Nýja bió þar á meðal. Í umsögn valnefndar segir: „Arkitektarnir sýna leiftrandi skópunarglæði við endurgerð byggingar frá fyri hluta 20. aldar. Útfærsla, efnisnotkun og frágangur er einstaklega vandaður og til fyrirmynadar.“



Guðmundur G.
Þórarinsson sagði
blaðamanni Gangverks
frá fiskeldisævintýrinu.

FISKELDISÆVINTÝRI VIÐ ÞORLÁKSHÖFN - LAXINN, ÍSPÓR OG FJÖLHÖNNUN

Saga fiskeldis á Íslandi er löng en seiðasleppingar á laxi og silungi hófust þegar seint á nítjándu öld. Matfiskeldi hófst með fóðrun á urriða á árum síðari heimsstyrjaldarinnar og um miðja óldina var farið að rækta regnbogasilung að Laxalóni í Reykjavík.

Á niunda áratugnum vaknaði snögglega mikill áhugi á fiskeldi á Íslandi og var þar horft til reynslu Norðmanna og Skota. Norskar áætlanir gerðu ráð fyrir að tekjur af fiskeldi myndu innan fárra ára fara fram úr tekjum af fiskveidum þar í landi.

Árið 1985 framleiddu Íslendingar 150 tonn af eldislaxi en árið 1990 var talan komin upp í 3.000 tonn. Auk ræktunar á matfiski var lagt mikil kapp á að framleiða hrogn og seiði til útflutnings enda voru Norðmenn ekki sjálfburm sér nógir um laxaseiði og markaðshorfur því góðar.

Tiundi áratugurinn reyndist íslenskum fiskeldisfyrirtækjum erfiður og stóð framleiðslan í stað að mestu. Morg þeirra lento í greiðslumerfiðleikum eða urðu gjaldprota. Réð þar miklu

lækkun á afurðaverði, auk ýmissa vaxtarverkja sem fylgdu þessum nyja atvinnuvegi.

Sveiflukennnd grein

Frá aldamótum hafa talsverðar sveiflur einkennt laxeldið á Íslandi. Árið 2006 var t.d. metár þar sem 7.000 tonn af laxi voru framleidd og munaði þar mest um tvaer stórar stöðvar á Austurlandi. Þegar þær hættu rekstri fél framleiðslan hins vegar niður í 300 tonn árið 2008 sem gerði litlum meira en að maeta þórfum innanlandsmarkaðarins. Á síðstu mánuðum hafa þó borist fréttir af aðilum sem hyggjast blásu nýju lifi í laxeldið hér á landi.

Núna snúast stór laxeldisform á Íslandi að mestu leyti um sjókvíaeldi þar sem fisknum eru halddi í mjög stórum kvíum í fjörðum. Á uppgangstínum laxeldisins á niunda áratugnum voru stærstu stöðvarnar á hinnum böginn í strandeldi þar sem fiskurinn er alinn í kerum á landi enda miklar vonir bundnar við nýtingu jarðvarma í greininni. Þær strandeldisstöðvar sem reknar eru um þessar mundir hafa á hinnum böginn allar skipt yfir í bleikjueldi.

Verkfæðingar rækta fisk

Verkfæðistofan Fjölhönnun, sem nú er hluti af Verkís, tók mikinn þátt í laxeldisævintýrinu á árunum um og eftir 1985. Fjölhönnun var stofnuð árið 1979 þegar Verkfæðistofa Guðmundur G. bórarinssonar var gerð að hlutafélagi í eigu starfsmanna.

Hinni hróðu uppbyggingu fiskeldisins fylgdi mikil verkfæðivinna enda um að ræða mikil og sérhæfð mannvirki, flókinn dælubúnað, rafmagnskerfi og stundum boranir eftir vatni. „Ein stærsta stöðin var Íslands lax i Grindavík og var Fjölhönnun fengin til að sjá um ýmis stórvirk í tengslum við smiði stöðvarinnar.“

„Reynslan frá því verkefni varð til þess að við vorum fengir í fleiri stöðvar, ekki hvað síst við að setja upp eldisker. Við urðum því snemma sérfæðingar í vinnu við fiskeldisstöðvar. Það var einkum Skúli Skúlason verkfæðingur, einn eigenda fyrirtækisins, sem dreif okkur áfram. Hann heillaðist af fiskeldinu og þótt aðrir væru kannski tregir til í upphafi hreif hann okkur alla með.“

Fjölhönnun fór fljóttlega að reka sína eigin stöð. Fyrirtækið Íspór var stofnað árið 1985 og hófst þegar handa við að reisa laxeldisstöð með landkvíum fyrir vestan borlákshófn. Áform fyrirtækisins voru að reisa 1.200 fermetra klakstöð fyrir 4-500 þúsund seiði og var borað eftir sjó í hrauninu í grennd við stöðina. Segja má að íslenska strandkvíaeldið byggist á jarðfræði og hinum ungu hraunlögum. Laxeldi er yfirleitt stundað með sjókvíum í lygnum fjörðum. Við suðurströnd Íslands eru veður oft válund en þar gaetir jafnframt áhrifa hins hlíýja Golfstraums.

Vegna hinna gegndræpu íslensku jarðlaga mætti koma stöðvunum fyrir við ströndina, bora eftir jarðsjó og ala fiskinn á landi án þess að óttast hreringar í hafinu. Jafnframt var talið mun auðveldara að fylgjast með vexti

Nafnið lifir

Fyrirtækið Fjarðalax rekur stóra stöð í Tálknafirði og hyggur á frekari umsvif. Seiðastöð fyrirtækisins er í húsum Íspórs við borlákshófn og er sú starfsemi rekin í dag undir því nafni. Auk þess að sjá rekstrinum fyrir vestan fyrir seiðum hefur allhokkuð verið flutt til Føroyja. Á síðasta ári var stöðin komin upp í þrjár milljónir seiða en enn hafa þó staerstu seiðakvíar gamla Íspórs ekki verið teknar í notkun.

Guðmundur G. bórarinsson segir að starfsemin í borlákshófn gleðji mjög hjortu þeirra sem tóku þátt í verkefnum á sínum tíma. Það græði sárin að sjá að hluti uppbyggigarinnar nýtist nú til að styðja við atvinnugrein sem virðist ætla að rétta úr kútnum hérlandis.

og viðgangi fisksins í kerunum. Strandkvíaeldi Íslendinga vakti talsverða eftirtekt útlendinga sem margir keyptu sig inn í þennan rekstur.

Brostnar forsendar

„það er mikilvægt að hafa í huga að þeir sem helltu sér út í þennan rekstur voru ekki áhættusæknir ævintýramenn,“ segir Guðmundur. „Bvert á móti voru flestir menn um firmtugt með mikla starfsreynslu og farsælan feril að baki. Menn áttu það sameiginlegt að vilja skapa verðmæti, höfðu kynnt sér málín og komist að þeiri niðurstöðu að þarna lægi framtíðin.“ „Hvað okkur í Íspór varðaði þá vorum við í kjóraðstöðu til að leggja mat á hlutina. Við höfðum komið að uppbyggingu annarra stöðva og reiknuðum okkur fram og til baka. Dæmið leit einfaldlega mjög vel út,“ bætir Guðmundur við.

Seiðasala til Noregs og Írlands átti að vera ein helsta stöðin undir greinina á Íslandi. Hún gekk

Fiskeldisstöðin Íspór var stórvægleg.



vel í fyrstu enda íslensku seiðin laus við ýmsar veirusýkingar sem voru landlægar í Noregi. En með einni breytingu á reglugerð var lokað fyrir þennan útflutning til Noregs. „Við vorum búinir að flytja út seiði með ágætum árangri og vorum með undirritaða sölusamninga upp á þrjátíu milljónir króna að þávirði. Þá barst símtal frá Noregi um að þingið hefði samþykkt lög sem bónnuðu seiðainnflutning. Fyrirtækið stóð uppi með óseljanlega voru enda yfirdrifið nóg af laxaseiðum hér heima.“

Metri af skýrslum

Guðmundur hélta til Noregs til fundar við gómlu viðskiptavinina um hvað gera skyldi í stöðunni. „Norðmennirnir sögðu okkur að hafa engar áhyggjur. Þeir bentu á haug af skýrslum sem sérfræðingar þar í landi höfðu gert um framtíðarhorfur greinarinnar. Þær voru allar á sama veg: Ný markaðssvæði væru að opnast fyrir eldislax og vinsældir vorunnar að aukast. Framtíðin væri björt og því eina vitið fyrir Íslendinga að rækta sín seiði sjálffir upp í sláturstaðr.“ Það var lítið á eldislax sem gæðavoru á þessum tíma. Þessi sæla varði þó ekki lengi. Heimsmarkaðsverðið á eldislaxi hrundi á fáeinum misserum.

„Til að fá verðmæti út úr seiðunum þurfti að ala þau upp í sláturstaðr sem tók tvö og hálf til þrjú ár. En allan þann tíma skilaði fiskurinn vitaskuld engum hagnaði, bara útgjöldum. Bankarnir þurftu að veita rekstrarlán en vaxta-kjörin voru óhagstæð og það sem blöðugast var að þeir gerðu kröfur um afborganir á eldistrímanum þótt ljóst væru að tekjur væru enn ekki farnar að skila sér.“

Hamfaraflóð

Ofan á fjármagnskostnaðinn bættust þung tryggingargjöld en bankarnir gerðu kröfur um að fiskurinn væri tryggður. „Sem dæmi um vitleysuna í kringum þetta mætti nefna þátt Viðlagatrygginga. Til að stöðin felli undir vernd þeirra var Íspór gert að vera með brunatryggingu. Við bentum á að mannvirkin væru

Umfangsmikil hönnun fiskeldisstöðva

Listinn yfir þær íslensku fiskeldisstöðvar sem Fjölhönnun kom að er langur. Aðkoma stofnunar er vitaskuld margbreytileg og hefur falist í eldisáætlunum, skipulagi, kostnaðar- og framkvæmdaáætlunum, hönnun og uppsetningu hvers kyns kerfa svo eitthvað sé nefnt. Sérfræðingar Fjölhönnunar voru fengir til að halda erindi um laxeldi á landi viða hér á landi og á alþjóðlegum ráðstefnum erlendis. Frá 1984 til 1991 kom Fjölhönnun að hönnun sextán íslenskra eldisstoðva viða um land.

einkum steinsteypt ker full af vatni sem gætu tæplega talist eldsmatur. Það var hins vegar engu tauti komandi við kerfið og fyrirtækið varð að kaupa brunatryggingu!“ Tryggingarnar reynðust hins vegar hallditlar þegar á hólminn var komið. Í óveðri sem gekk yfir suðurströndina í ársbyrjun 1990 varð viða talsvert tjón vegna sjávarflóða. Risaoldur brutu niður sjóvarnar-garð við stöð Íspórs og missti fyrirtækið 160 tonn af fiski. Bólt laxinn væri tryggður gilti hið sama ekki um öll tæki og mannvirki en Viðlagasjóður neitaði að greiða tjónið. Áður en til bessara hamfara kom máttí þó vera ljóst í hvað stefndi varðandi rekstur fyrirtækisins. Bankakerfið lokaði á viðskipti við fiskeldisfyrirtæki og þar með var dauðadómurinn undirritaður. Íspór var lýstur gjaldþrota árið 1991. Tap eigendanna var metið um 200 milljónir á verðlagi þess tíma og var verkfæðistofan skuldum vafin vegna ævintýrisins. Um fjarutíu manns áttu hlut i félaginu og voru margir i þungum persónulegum ábyrgðum og máttir sumir berjast lengi til að forðast gjaldþrot.

Guðmundur bendir á að fiskeldisuppbýgging niðunda áratugarins hafi ekki verið vanhugsuð eða skort eigið fjármagn. Þvert á móti hafi einstaklingar og fyrirtæki lagt fram mikil fé og ábyrgðir. Greinin hafi hins vegar hrunið nánast á einni nótlu, ekki ósvipað og þegar sildar-ævintýrinu lauk í einu vettangi.



VERKÍS FÆR ISO 14001 VOTTUN

Verkis hefur fengið vottun um að umhverfisstjórnunarhluti Verkiskerfisins uppfylli kröfur ISO 14001 staðalsins en viðurkenningin var afhent á dögunum. Sigþór U. Hallfreðsson, gæðastjóri Verkís, er að vonum ánaegður með vottunina: „Við höfum unnið markvisst að þessu í nokkurn tíma en þar sem fyrirtækið var þegar með þessa þætti innbyggða í stjórnunarkerfi sitt þurfti ekki að gera miklar breytingar til að fá vottunina.“

Verkis starfar samkvæmt metnaðarfullri stefnu í umhverfis- og öryggismálum og stefnir fyrirtækið að verða leiðandi við uppbyggingu umhverfisstjórnunar í íslensku samfélagi. Sérfræðingar Verkís á umhverfis- og öryggisdeild hafa unnið að þessu verkefni ásamt Sigþóri, en þar er fyrir hendi fjölbreytt reynsla við innleiðingu slikra kerfa. Auk þess að aðstoða fyrirtæki og stofnanir við innleiðingu veitir deildin alhliða þjónustu og ráðgjöf á því svíði.

Með markvissu umhverfisstarfi hefur Verkis dregið úr pappirsnotkun og prentun og við innkaup eru frekar valdar umhverfismerktar

vörur eða þjónusta. Þá hefur verið tekin upp sorpflokkun á öllum starfsstöðvum. Einnig hefur verið unnið markvisst að því að auka fræðslu til starfsmanna um umhverfisáhrif og auka þekkingu á vistvaenni hönnun. En gera má ráð fyrir að aukin umhverfisvitund starfsmanna skili sér áfram í verkefnum og út í þjóðfélagið.

Auk almennra atriða sem bæta rekstur fyrirtækisins, svo sem aukinsklivirkni og hagkvæmni í rekstri, vonast Verkis eftir fjárhagslegum ávinningi af virkri umhverfisstjórunum. Jafnframt að vottun umhverfisstjórnunarkerfisins hafi jákvæð áhrif á markaðsstöðu fyrirtækisins og bæti ímynd þess til framtíðar. Í framhaldi af þessari vottun stefnir Verkís að því að bjóða fram krafta sina í auknum mæli við ráðgjöf á þessu svíði.

Á næstu mánuðum verður öryggisstjórnunarkerfið samkvæmt OHSAS 18001 staðlinum einnig tekið út og vonast er til að sú vottun liggi fyrir bráðlega. Vottun hf. sá um að taka kerfið út og veita vottunina.



Kjartan J. Káráson frá Vottun afhendir Sveini Ólafssyni vottunar-skírtelnið á dögunum.

FANGELSI BYGGT Á NORRÆNNI HÖNNUNARHEFÐ

Verkís er hluti af hönnunarteymi við nýtt fangelsi á Hólmsheiði í Reykjavík en það verður hannað og byggt í samræmi við alþjóðlega umhverfisvottunarstaðla. Nýlega undirritaði innanrikisráðherra ásamt hönnunarhópnum svokallaðan Nordic Built sáttmála en verkefnið fellur sérstaklega vel að meginreglum sáttmálans.

Nordic Built er samvinnunuverkefni sem hvetur til þróunar samkeppnishæfra lausna í vistvænni mannvirkjagerð. Verkefnið miðar að því að Norðurlöndin nái markmiðum sínum um að vera leiðandi í nýsköpun, grænum hagvexti og velferð. Með undirritun sáttmálans gefur Verkís fyrirheit um að innleiða meginreglur Nordic Built í verki og leggja fram samkeppnishæfar hugmyndir að sjálfbærri mannlegu umhverfi. Verkís hyggst skapa umhverfi sem eykur lífsgæði og sjálfbærni, samþættir borgarlif og náttúrugæði, nýtir staðbundnar auðlindir og er aðlagð stadháttum. Einnig viljum við skapa umhverfi sem er sterkbyggt, varanlegt, sveigjanlegt, sígilt og endingargott en ekki síður umhverfi sem bætir hag fólks, atvinnulífs og umhverfisins.

HORNSTEINN AÐ BÚÐARHÁLSVIRKJUN

Á dögunum var lagður hornsteinn að byggingu stöðvarhúss Búðarhálsvirkjunar. Fjölmenni var við athöfnina og lagði Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, hornsteininn af mikilli fagmennsku.

Hörður Arnarson sagði við þetta tilefni að ljóst væri að miklar væntingar væru gerðar til Landsvirkjunar í íslensku samfélagi og að fyrirtækið myndi gera sitt besta til að standa undir þeim væntingum. „Búðarhálsvirkjun mun gera okkur enn betur kleift að starfa í samræmi við hlutverk Landsvirkjunar, að hámarka afrakstur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu er trúð fyrir með sjálfbæra nýtingu, verðmætaskópun og hagkvæmni að leiðarljósí“ sagði Hörður.

Upphaflega hófust framkvæmdir við Búðarháls árið 2001 en þeim var síðar slegið á frest. Á árinu 2010 hófust framkvæmdir að nýju. Áætlað er að virkjunin verði komin í rekstur fyrir árslok 2013 og verður afl hennar um 95 MW og orkugeta allt að 585 GWst á ári. Búðarhálsvirkjun verður rekin samhlíða öðrum virkjunum á þjórsár- og Tungnaárvæðinu, en þar eru fyrir sex aflstöðvar í rekstri. Verkfæðihónnun Búðarhálsvirkjunar er oll unnin af íslenskum verkræðistofum og sér Verkís um hönnun vélbúnaðar og húskerfa. Arkitektar Búðarhálsvirkjunar koma frá arkitektastofunni OG.



GÓÐ ÞÁTTAKA Á AFMÆLISRÁÐSTEFNU

Í haust efndi Verkís til ráðstefnu undir yfirskriftinni Orka og umhverfi - Ísland í alþjóðlegu samhengi og sóttu hana um 150 manns.

Á ráðstefnunni var skoðað hvernig Ísland stendur í orku og umhverfismálum og fjallað um endurnýjanlega orkugjafa í alþjóðlegu samhengi en einnig voru erindi flutt um umhverfisáhrif og efnahagsleg áhrif orkuvinnslu á Íslandi. Ráðstefnustjóri var Guðrún A. Sævarsdóttir, forseti Tækni- og verkfræðideildar HR en erindi flutt Richard Taylor framkvæmdastjóri International Hydropower Association, Arnór Þ. Sigfusson deildarstjóri hjá Verkís og Daði Már Kristófersson dósent í umhverfis- og auðlindahagfræði við HÍ.

Richard Taylor fjallaði um endurnýjanlega raforkugjafa og skoðaði íslenskan veruleika í alþjóðlegt samhengi. „Bað er mjög mikilvægt að skilja hvernig endurnýjanlegir orkugjafar geta unnið saman. Ísland er mjög góð fyrirmynnd því hér er jarðvarma og vatnsorku

blandað saman.“ Hann baðtti við: „Ísland er orkugimsteinn – landið og fólkisír að framtíð okkar getur verið endurnýjanleg.“ Hann ræddi einnig samlegðaráhrif endurnýjanlegra orkugjafa á Íslandi og mælingar á sjálfbærni vatnsorkuverkefna, en IHA hefur undanfarið unnið með Landsvirkjun að mati fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar í bjórsá.

Arnór fjallaði um endurnýjanlega orkukostí á Íslandi og bar saman umhverfisáhrif af nýtingu þeirra. Hann sagði meðal annars: „Allri orkuvinnslu fylgja óhjákvæmilega áhrif á umhverfisþætti og geta þau bæði verið neikvæð og jákvæð. Við notum mat á umhverfisáhrifum til að meta þessi áhrif og að reyna að draga úr neikvæðum áhrifum þar sem það er unnt“.

Daði fjallaði um efnahagsleg áhrif orkunýtingar, umfang efnahaglegra áhrifa upprbyggingsar í orkunýtingu og orkufrekum iðnaði, umfang orkutengdrar starfsemi og þjóðhagsleg áhrif orkuauðlinda.

Það var þétt setið á ráðstefnunni þar sem m.a. Arnór Þ. Sigfusson frá Verkís hélt erindi um umhverfisáhrif.




Öflug uppbygging í 80 ár



1958 Háspennumastur í Kollafirði



2010 Sundlaugin Höfði




1953 Laxárvatnsvirkjun



1972 Hitaveita á Reykjavík, Mosfellsbæ

Verkís rekur uppruna sinn til 1932 þegar fyrsta íslenska verkfræðistofan hóf starfsemi sína.



2011 Hörputorg



2008 Svartsengi

80 ÁRA | 1932-2012

Hjá Verkís starfa útsjónar-
samir smiðir hugmynda
og lausna, reynsluboltar á
öllum svíðum verkfræði
og skyldra greina. Siðastliðin
80 ár hafa starfsmenn
fyrirtækisins átt þátt i
flestum stærri mannvirkjum
og framkvæmdum á Íslandi.

 VERKÍS

Verkís verkfræðistofa | Ármóla 4 | 108 Reykjavík | Sími: 422 8000 | www.verkis.is



2003 Bláa lónið



1958 Grimsárvirkjun

Saga Verkís er þannig
samofin sögu uppbygg-
ingar og atvinnulifs á
Íslandi eins og við
bekkjum það.



1946-2011 Hallgrímskirkja